

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B132-138

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 132-138

Nr. 880-908

2003

Efnisyfirlit B 132–138 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
880	24. nóv.	Auglýsing um takmörkun á innflutningi á pistasíum og afurðum úr þeim frá Íran	2661-2662
881	19. nóv.	Reglugerð um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla fyrir matvælaiðnað	2662-2664
882	25. nóv.	Reglugerð um bann við síldveiðum í hringnót við Austurland og í Jökuldýpi	2665
883	24. nóv.	Auglýsing um breytingu auglýsingar nr. 901/2002 um takmörkun á innflutningi á þurrkuðum fíkjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum úr þeim sem upprunnar eru frá Tyrklandi	2666
884	24. nóv.	Reglugerð um merkingu matvæla sem innihalda kínín og matvæla sem innihalda koffín	2666-2667
885	24. nóv.	Auglýsing um niðurfellingu auglýsingar um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 212/2002	2667-2668
886	26. nóv.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis á Akureyri	2669
887	26. nóv.	Reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki á árinu 2003 fyrir þá sem eru alvarlega heyrnarskertir og daufblindir	2669-2670
888	27. nóv.	Reglugerð um (12.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri	2671
889	2. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 710, 1. október 2003, um bann við síldveiðum með vörpu	2672
890	1. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbygðum, með síðari breytingum	2673
891	1. des.	Auglýsing (II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta	2674-2678
892	3. des.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	2678
893	5. des.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.	2679-2680
894	1. okt.	Samþykkt um gatnagerðargjald í Fellahreppi	2681-2684
895	25. nóv.	Samþykkt um stjórn Akureyrarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar	2684-2698
896	21. nóv.	Auglýsing um umferð í Varmahlíð	2698
897	10. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Stykkishólmi	2698
898	1. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 916/2001, um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum	2699-2702
899	16. jan.	Gjaldskrá um gatnagerðargjald í Grundarfirði	2702-2704
900	16. jan.	Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar	2704-2705
901	16. jan.	Gjaldskrá fyrir hirðingu og eyðingu sorps í Grundarfirði	2705-2706

STJÓRNARTÍÐINDI B 132 – 2003

24. nóvember 2003

2661

Nr. 880

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á pistasíum og afurðum úr þeim frá Íran.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á pistasíum og afurðum úr þeim sem upprunnar eru frá Íran og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum, nr. 662/2003.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn eftirtalin matvæli sem upprunin eru frá Íran:

- Pistasíur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.5000 (hjartaaldin).
- Ristaðar pistasíur sem falla undir tollskrárnúmer 2008.1900.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar rekjanlegu heilbrigðis- og/eða rannsóknvottorði frá þar til bærum aðila í útflutningslandinu til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum, nr. 662/2003.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum, nr. 662/2003. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Um eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar fer skv. ákvæðum laga um matvæli nr. 93/1995, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum um hollustuhætti og mengunarnarnir, nr. 7/1998.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 og með hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka (ákvæðanir 1997/830/EB og 2003/551/EB).

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 24. nóvember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla fyrir matvælaiðnað.

Gildissvið.

1. gr.

Tollstjóri fellir niður eða endurgreiðir verð- og/eða magntoll eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari, af innfluttum landbúnaðarhráefnum sem bera magntoll og notuð eru í innlendum matvælaiðnaði. Til matvælaiðnaðar telst matvælaframleiðsla í atvinnuskyni sem fellur undir iðnaðarlög, nr. 42/1978 með síðari breytingum.

Skilyrði fyrir niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla.

2. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu eða endurgreiðslu tolls samkvæmt reglugerð þessari eru:

1. Að um sé að ræða landbúnaðarhráefni í fullunnar vörur sem framleiddar eru hér á landi og falla undir einhvern eftirtalinn vöruliða og tollskrárnúmera, sbr. viðauka I við tollalög, nr. 55/1987 með síðari breytingum:

Úr tollnúmeri:

0406.2000	ostaduft
0701.9000	kartöflur (nýjar eða kældar – annað), sem hráefni í forsteiktar franskar kartöflur 45 mm og stærri
1517.1009	smjörlíki 5 kg þakkingu eða stærra
1905.4000	brauðmysna (rasp)

2. Að landbúnaðarhráefnin séu ætluð aðilum sem:
 - a. Stunda matvælavinnslu í atvinnuskyni, þó ekki veitingarekstur eða mótuneyti.
 - b. Hafa tilskilin starfs- og rekstrarleyfi eftir því sem við á (iðnaðarleyfi samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978 og starfsleyfi samkvæmt reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, nr. 522/1994.)
 - c. Hafa tilkynnt atvinnureksturinn til skráningar hjá skattstjóra, sé það áskilið samkvæmt 5. gr. laga, um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 með síðari breytingum.
3. Að ekki sé um óverulega aðvinnslu að ræða s.s. þökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun.

Undantekningar.

3. gr.

Niðurfelling eða endurgreiðsla tolls skv. 1. gr. á ekki við ef hráefni er nýtt við framleiðslu innlendra matvæla sem eiga að njóta tollfríðinda í öðrum EES-ríkjum, sbr. 14. gr. IV. bóls bókunar 4, um upprunareglur, við EES samninginn, um bann við endurgreiðslu eða undanþágu tolla og 15. gr. viðauka A, um upprunareglur, við stofnsamning EFTA. Sama undantekning gildir vegna hliðstæðra ákvæða í öðrum fríverslunarsamningum.

Skráning réttahafta til niðurfellingar eða endurgreiðslu.

4. gr.

Til þess að njóta niðurfellingar eða endurgreiðslu tolls skv. reglugerð þessari skal aðili sem hyggst flytja til landsins vörur, fyrir sig eða aðra skráða réttahafta, tilkynna það til tollstjóra í tollumdæmi þar sem aðili á lögheimili. Tilkynningin skal vera á sérstöku eyðublaði (E27 niðurfelling aðflutningsgjalda af aðföngum til atvinnustarfsemi) sem tollstjórinn í Reykjavík útbýr í því skyni, og skal m.a. greina frá starfsemi aðila svo og til hvaða vörutegunda niðurgreiðsla eða endurgreiðsla tolls tekur.

Sé tilkynning skv. 1. mgr. ófullnægjandi að mati tollstjóra, svo sem ef upplýsingagjöf er ónæg eða ekki verði ráðið af umsókn að viðkomandi eigi rétt til niðurfellingar eða endurgreiðslu, skal tollstjóri eftir atvikum kalla eftir frekari skýringum eða hafna skráningu. Að öðrum kosti staðfestir tollstjóri rétt umsækjanda til niðurfellingar eða endurgreiðslu á tolli með áritun sinni á tilkynninguna. Afrit staðfestrar tilkynningar skal sent aðila.

Staðfest tilkynning, sbr. 2. mgr., heimilar réttahafta að flytja aðföng til landsins í samræmi við efni tilkynningar með þeim hætti sem kveðið er á um í 5. gr. og 6. gr. Í staðfestri tilkynningu er skráð heimildarnúmer, sem vísa skal til í beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu, sbr. 5. gr.

Framkvæmd niðurfellingar.

5. gr.

Skráður réttahafi samkvæmt 4. gr. skal beina ósk um niðurfellingu tolls hverju sinni til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem landbúnaðarhráefnið kemur til tollafræiðslu.

Umsókn skal sett fram í aðflutningsskýrslu, eyðublað E1, með því að rita viðeigandi undanþágutilvísun (UND T0030) í reit 14 í skýrslunni ásamt heimildartilvísun (HNR) og heimildarnúmeri. Jafnframt skal merkja við þær línur í skýrslunni sem njóta eiga undanþágu. Með þessum hætti er innflytjandi að lýsa því yfir að hann sækir um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolls af tiltekinni vöru í vörusendingu samkvæmt þeim heimildum sem undanþágutilvísun nær til. Jafnframt felur slík umsókn í sér yfirlýsingu um að innflytjandi skuldbindi sig til að hlíta öllum þeim fyrirmælum, skilyrðum og takmörkunum sem í nefndum heimildum er að finna fyrir niðurfellingu tollsins og ráðstöfun vörunnar.

Undanþágutilvísanir vegna tolls eru allt að sjö stafa lykjar sem vísa hver fyrir sig til tiltekinnna heimilda. Tollstjórinn í Reykjavík annast gerð og útgáfu undanþágutilvísana og leiðbeininga um notkun þeirra.

Framkvæmd endurgreiðslu.

6. gr.

Skráður réttahafi samkvæmt 4. gr. getur á tveggja mánaða fresti fengið endurgreiddan toll af landbúnaðarhráefni sem hann hefur flutt til landsins hafi hann ekki nýtt sér rétt til niðurfellingar samkvæmt 5. gr., enda hafi landbúnaðarhráefnið á tímabilinu verið nýtt eða selt í samræmi við efni heimildar hans.

Sækja skal um endurgreiðslu til tollstjóra þar sem landbúnaðarhráefni var tollafgreitt, á því formi sem tollstjóri ákveður. Í endurgreiðsluskýrslu skulu m.a. koma fram upplýsingar um sölu eða nýtingu þess landbúnaðarhráefnis sem endurgreiðslubeiðnin snertir, þar með talið heiti kaupenda, heiti landbúnaðarhráefnis, heildarmagn þess og fjárhæð tolls sem óskað er endurgreiðslu á. Innflytjanda er heimilt að láta tollstjóra í té yfirlit yfir þá viðskiptavini sem kaupa af honum hráefni án tolls á grundvelli heimildar tollstjóra samkvæmt 4. gr. og þarf þá ekki að tilgreina nöfn kaupenda á skýrslu hverju sinni.

Sækja skal um endurgreiðslu samkvæmt þessari grein innan 60 daga frá sölu til rétt-hafa.

Bókhald.

7. gr.

Rétthöfum samkvæmt reglugerð þessari ber að haga bókhaldi sínu með þeim hætti að aðgengilegt sé fyrir töllyfirvöld að staðreyna að ráðstöfun hráefnis, sem tollur hefur verið felldur niður eða endurgreiddur af, sé í samræmi við heimildir rétt-hafa.

Refsiákvæði.

8. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar getur varðað refsingu samkvæmt 130. gr. tolla-laga, nr. 55/1987.

Lagastöð.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 9. tölul. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 6. gr. tolla-laga, nr. 55/1987 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. kemur heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu tolls vegna smjörflíkis til framkvæmda í tveimur jöfnum þrepum. Á tímabilinu 1. janúar 2004 til og með 31. desember 2004 verður magntollur kr. 30 pr. kg. Frá 1. janúar 2005 fellur magntollur niður.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 2003.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum í hringnót við Austurland og í Jökuldjúpi.

1. gr.

Frá og með 27. nóvember 2003 eru allar síldveiðar í hringnót bannaðar á eftirgreindum svæðum:

A. Fyrir Austfjörðum, innan línu sem dregin er um eftirfarandi punkta:

- | | |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 65° 20'00 N – 13° 42'00 V | 4. 64° 04'09 N – 14° 25'09 V |
| 2. 65° 20'00 N – 13° 00'00 V | 5. 64° 15'00 N – 14° 55'00 V |
| 3. 64° 14'16 N – 13° 00'00 V | |

Milli punkta 1 og 5 afmarkast svæðið af strandlengjunni.

B. Í Jökuldjúpi, innan línu sem dregin er um eftirfarandi punkta:

- | | |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 64° 35'00 N – 24° 00'00 V | 5. 64° 00'00 N – 24° 30'00 V |
| 2. 64° 35'00 N – 23° 42'00 V | 6. 64° 15'00 N – 24° 30'00 V |
| 3. 64° 10'00 N – 23° 42'00 V | 7. 64° 25'00 N – 24° 00'00 V |
| 4. 64° 00'00 N – 24° 00'00 V | |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. nóvember 2003.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Snorri Rúnar Pálmason.

AUGLÝSING

um breytingu auglýsingar nr. 901/2002 um takmörkun
á innflutningi á þurrkuðum fíkjum, heslihnetum, pistasíum,
og afurðum úr þeim sem upprunnar eru frá Tyrklandi.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist eftirfarandi liður:

– Mjöl, fín- og grófmalað, og duft af heslihnetum, fíkjum og pistasíum sem falla undir tollskrárnúmer 1106.3000.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 og með hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka (ákvörðun 2003/552/EB).

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 24. nóvember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.

REGLUGERÐ

um merkingu matvæla sem innihalda kínín og matvæla sem innihalda koffín.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um matvæli sem innihalda kínín og matvæli sem innihalda koffín. Ákvæði hennar ná þó ekki til slíkra matvæla sem ætluð eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Að öðru leyti en greinir í 2.–4. gr. reglugerðar þessarar gilda ákvæði reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla og reglugerðar um merkingu næringargildis matvæla og reglugerðar um aukefni í matvælum.

2. gr.

Þegar kínín eða koffín er notað sem bragðefni í framleiðslu eða tilreiðslu matvæla, skal í innihaldslýsingu koma skýrt fram að um sé að ræða kínín og/eða koffín. Merkja má með flokksheitinu bragðefni, en þar á eftir skal merkja heitið á bragðefninu sem notað er, þ.e. kínín og/eða koffín eftir því hvaða efni er notað.

3. gr.

Þegar drykkur, sem ætlaður er til neyslu án breytinga (tilbúinn til drykkjar) eða eftir að þykknið eða þurrkaða varan hefur verið enduruppleyst, inniheldur koffín, hvaðan sem það

er upprunnið, í meira magni en 150 mg/l ber að setja eftirfarandi texta á merkimiðann þannig að hann beri fyrir augu um leið og heitið á söluvörunni:

„*Inniheldur mikið af koffíni*“

Á eftir ofangreindum texta skal í sviga tilgreina hvert magn koffíns er í mg í 100 ml af vöru.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um drykki sem gerðir eru úr kaffi, tei eða kaffi- eða tekjarna ef orðið „kaffi“ eða „te“ kemur fyrir sem hluti af heiti vörunnar.

4. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að matvælin sem um getur í 1. gr. séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og almenn ákvæði um hollustuhætti matvæla.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

6. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt 30. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og til innleiðingar á tilskipun 2002/67/EB sem vísað er til í 4. tölul. XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstofnunin, 24. nóvember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.

AUGLÝSING

um niðurfellingu auglýsingar um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 212/2002.

1. gr.

Auglýsing um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 212/2002, er takmarkar innflutning á star anise (*illicium anisatum*) frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 og með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka (ákvörðun 2003/602/EB).

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 24. nóvember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 133 – 2003

26. nóvember 2003

2669

Nr. 886

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. október 2003 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingarnar eru m.a. þær að ákvæði um hæð þaka á einbýlishúsum breytist, húsgerðir breytast á nokkrum stöðum, bætt er inn lóð fyrir símstöð og kvaðir um almennar gönguleiðir innan lóða falla brott.

Bæjarstjórnin hefur jafnframt þann 21. janúar 2003 og 20. maí 2003 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt nokkrar minniháttar breytingar á sama deiliskipulagi ásamt yfirlýsingu um að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þeirra.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Akureyri, 26. nóvember 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

26. nóvember 2003

Nr. 887

REGLUGERÐ

um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki á árinu 2003 fyrir þá sem eru alvarlega heyrnarskertir og dauflindir.

1. gr.

Styrkur til alvarlegra heyrnarskertra og dauflindra.

Heyrnar- og talmeinstöð veitir styrk á árinu 2003 til kaupa á samskiptahjálpartækjum fyrir alvarlega heyrnarskerta og dauflinda sem hér segir:

1. Fyrir þá sem eru eldri en átta ára og hafa tónmeðalgildi ≥ 70 dB og/eða talgreiningu undir 30% greiddast kr. 35.000. Þó aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur kaupverði tækis.

Gutenberg

2. Fyrir þá sem eru eldri en átta ára og hafa verið greindir daufblindir greiðast kr. 45.000. Þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur kaupverði tækis.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 10. mgr., sbr. 4. mgr., 37. gr. a. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. nóvember 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 134 – 2003

27. nóvember 2003

2671

Nr. 888

REGLUGERÐ

um (12.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Orðin „hvað varðar framleiðslu fyrir innanlandsmarkað.“ í 29. gr. I. kafla, falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. nóvember 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 135 – 2003

Nr. 889

2672

2. desember 2003

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 710, 1. október 2003,
um bann við síldveiðum með vörpu.

1. gr.

4. tl. 1. gr. orðist svo:

4. Fyrir Vesturlandi:

1. $64^{\circ} 42'00$ N – $24^{\circ} 35'00$ V
2. $64^{\circ} 42'00$ N – $24^{\circ} 11'00$ V
3. $63^{\circ} 50'60$ N – $23^{\circ} 35'90$ V
4. $63^{\circ} 56'40$ N – $24^{\circ} 01'40$ V
5. $63^{\circ} 20'00$ N – $24^{\circ} 33'00$ V
6. $64^{\circ} 10'00$ N – $25^{\circ} 37'00$ V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 3. desember 2003.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. desember 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á
1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum, með síðari breytingum.

1. gr.

Á lokamálslið 3. mgr. 4. gr. verður sú breyting að í stað: „1. desember 2003“ kemur 1. mars 2004.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingu til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. desember 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 136 – 2003

Nr. 891

2674

1. desember 2003

AUGLÝSING

(II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum, staðfestir ráðuneytið eftirgreindar úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

1. Gerðahreppur.

Úthlutað verði til fiskiskipa sem skráð eru í Garði. Hluta Gerðahrepps verði skipt jafnt milli skipa sem sækja um og sem aflahlutdeild hafa. Aflinn verði unninn í Garði.

2. Stykkishólmsbær.

Hlut Stykkishólmsbæjar verði skipt milli þeirra skipa sem stunduðu skelveiðar frá Stykkishólmi á vertíðinni 2002/2003. Úthlutun til einstakra skipa verði í hlutfalli við aflaheimildir þeirra í skel á sömu vertíð.

3. Húnaþing vestra.

1. Hlut Húnaþings vestra verði skipt milli einstakra fiskiskipa í eigu útgerða sem hafa lögheimili í Húnaþingi vestra og gera út frá Hvammstanga, í hlutfalli við landaðan afla þeirra í þorskígildislestum talið á Hvammstanga á fiskveiðiarinu 2002/2003.
2. Við úthlutun skal ekkert fiskiskip hljóta meira en 15 þorskígildislestir miðað við óslægðan fisk.
3. Afla sem úthlutað er samkvæmt þessum reglum skal landað á Hvammstanga.
4. Umsóknarfrestur um úthlutun byggðakvóta er til 10. desember 2003. Umsóknir verða afgreiddar af sveitarstjórn Húnaþings vestra fyrir 20. desember 2003.

4. Blönduósbær.

1. Skipta skal aflaheimildum þeim sem koma í hlut sveitarfélagsins til báta sem annars vegar stunda veiðar fyrir fiskvinnslufyrirtækið Norðurós ehf. og hins vegar milli báta sem stunda veiðar fyrir rækjuvinnslu Særúnar hf. Koma þannig 32,5 lestir í hlut þeirra báta sem gera samning við hvort fiskvinnslufyrirtæki og verður þeim skipt jafnt á umsækjendur.
2. Blönduósbær mun auglýsa eftir umsóknum og verður kvótanum úthlutað til jafns milli

þeirra fiskiskipa sem sótt verður um fyrir, enda hafi samkomulag verið gert við annað hvort fiskvinnslufyrirtækið að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Bátar séu skráðir í sveitarfélaginu.
 - b) Séu bátar ekki skráðir í sveitarfélaginu skulu þeir eiga kost á aflaheimildum eigi þeir samstarf um veiðar við ofangreind fiskvinnslufyrirtæki á Blönduósi og liggi staðfest skriflegt samkomulag því til staðfestingar.
 - c) Að minnsta kosti einn þriðji hluti áhafnar viðkomandi báts hafi átt lögheimili í Blönduósbæ 1. september 2003.
3. Öll vinnsla aflans fari fram innan sveitarfélagsins.
 4. Aflaheimild er ekki framseljanleg og skulu hlutaðeigendur afsala sér þeim geti þeir ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfunina gilda.

5. Höfðahreppur.

Eftirfarandi reglur gilda um úthlutun aflaheimilda sem koma í hlut Höfðahrepps:

1. Aflaheimildum verði skipt milli þeirra skipa sem skráð hafa verið með heimahöfn á Skagaströnd fiskveiðiárið 2002/2003 eða að eigendur þeirra hafi átt lögheimili þar á sama tímabili og hafi skráð þar skip 1. september 2003.
2. Úthluta skal fiskiskipum sem minni eru en 250 brl. og eiga aðeins aflamarks- og króka-aflamarksskip rétt til úthlutunar. Aflaheimildir skulu skiptast jafnt milli fiskiskipa sem falla undir reglur þessar en þó skulu aflaheimildir hvers skips ekki aukast um meira en helming miðað við úthlutun í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs.
3. Einungis verði úthlutað til fiskiskipa þeirra umsækjenda sem leggja fram samkomulag við fiskvinnslu á Skagaströnd um úrvinnslu aflans, sem úthlutað er á grundvelli þessara reglna auk þess sem umsækjendur lýsa yfir vilja sínum til að leggja jafnmargar þorskígildislestir á móti til vinnslu á staðnum og sem úthlutuninni nemur.

6. Ólafsfjarðarbær

1. Úthlutuðum byggðakvóta Ólafsfjarðarbæjar skal landað og hann unninn á Ólafsfirði.
2. Útgerðaraðilar aflamarksskipa og krókaaflamarksbáta sem skráðir eru frá Ólafsfirði 1. september 2003 eiga rétt til úthlutunar, enda hafi þeir gert samninga við fiskvinnslufyrirtæki á Ólafsfirði um vinnslu aflans.
3. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur en heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski án þess að það teljist framsal á úthlutuðum aflaheimildum.
4. Áskilið verði í samkomulagi við hlutaðeigandi að hann afsali sér aflaheimildunum geti hann ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfun þeirra gilda.

7. Dalvíkurbyggð.

1. Úthlutaður byggðakvóti Dalvíkurbyggðar skal unninn í Dalvíkurbyggð og skal liggja fyrir samningur þar um við fiskvinnslu.
2. Umsóknir um byggðakvóta skulu berast bæjarstjóra fyrir 20. nóvember 2003. Með umsókn skal fylgja staðfesting á kvótaúthlutun 1. september 2003. Einungis verður úthlutað til báta sem skráðir eru í sveitarfélaginu.
3. Við úthlutun verður miðað við kvótaeign eins og hún var 1. september 2003. Úthlutun skal þó aldrei hærri en kvótaeign í upphafi fiskveiðiárs og aldrei hærri en 5 þorskígildislestir.
4. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur en heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski án þess að það teljist framsal á úthlutuðum aflaheimildum.

5. Áskilið verði í samkomulagi við hlutaðeigandi að hann afsali sér aflaheimildunum geti hann ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfun þeirra gilda.
6. Þann 1. ágúst 2004 skulu útgerðir þeirra skipa sem úthlutað fá byggðakvóta samkvæmt þessum reglum skila inn skýrslu um nýtingu hans.

8. Hríseyjarhreppur.

1. Rétt til úthlutunar eiga aflamarksskip og krókaafلامarksbátar, sem skráðir eru í Hrísey 1. september 2003 auk þeirra krókaafلامarksbáta sem lönduðu afla sínum í sveitarfélaginu sl. fiskveiðiár.
2. Aflaheimildum skal úthlutað á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 596/2003 með því skilyrði að fyrir hvert þorskígildi sem fiskiskipi er úthlutað skal útgerð leggja tvö þorskígildi á móti. Skilyrði er að öllum afla verði landað í Hrísey og hann unninn hjá fiskvinnslufyrirtækjum staðarins. Fullnægi fleira en eitt skip þessum skilyrðum skal byggðakvótanum skipt jafnt milli fiskiskipa umsækjenda, þó þannig að heildaraflamark einstakra fiskiskipa aukist ekki um meira en 100%.
3. Fiskiskip skulu fyrst landa eigin aflaheimildum áður en byggðakvóti er fluttur á viðkomandi skip.
4. Útgerð sem fær úthlutað byggðakvóta er ekki heimilt að selja eða leigja eigin aflaheimildir á fiskveiðiárinu 2003/2004.
5. Ef útgerð telur sér ekki fært að ljúka veiðum á byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2003/2004 skal hún gera sveitarstjórn skriflega grein fyrir því fyrir 15. júní 2004. Skal útgerðin þá afsala sér byggðakvótanum og verður honum skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem fengið hafa úthlutun.
6. Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 20. desember 2003 og verður öllum umsóknum svarað fyrir 20. janúar 2004.

9. Húsavíkurbær.

Aflaheimildum skal skipt milli skipa allt að 200 brt. sem skráð voru með heimahöfn á Húsavík 1. september 2003 og voru í eigu útgerða með heimilisfesti í Húsavíkurbæ á sama tíma, skv. eftirfarandi skilmálum:

1. Að jafnaði skal viðkomandi skip veiða 80% af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004 eða jafngildi þess. Séu aflaheimildir fluttar frá skipi skal að lágmarki flytja jafngildi þeirra aflaheimilda til skips.
2. Afla sem jafngildir að lágmarki 80% af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004 skal landað til vinnslu á Húsavík og skal útgerð skips framvísa samningi um kaup/vinnslu afla þar sem skýrt kemur fram að umræddum afla verði landað til vinnslu á Húsavík.
3. Aflaheimildum skv. reglum þessum verður ekki úthlutað á skip fyrr en aflamark, skv. 1. gr. hefur verið veitt.
4. Við úthlutun aflaheimilda skv. reglum þessum skal heimilt að úthluta á skip þótt því hafi ekki verið úthlutað aflamarki á fiskveiðiárinu 2003/2004 enda hafi það á fiskveiðiárinu landað til vinnslu á Húsavík tvöföldu því magni sem úthlutað er skv. þessum reglum.
5. Úthlutun aflaheimilda á einstök skip skv. reglum þessum skal vera að hálfu jöfn á öll skip og að hálfu í hlutfalli við úthlutað aflamark þeirra á fiskveiðiárinu 2003/2004, sbr. 4. gr.
6. Útgerðir þeirra skipa sem falla undir þessar reglur skulu sækja um aflaheimildir skv. þessum reglum til bæjarráðs Húsavíkurbæjar. Umsóknum skulu fylgja gögn skv. 2. tl. Með umsókn um veiðiheimildir skv. reglum þessum samþykka viðkomandi þá skilmála sem reglurnar fela í sér.

10. Öxarfjarðarhreppur.

1. Þeir sem áhuga hafa á því að sækja um byggðakvóta skulu leggja inn skriflega umsókn þar um fyrir 31. desember 2003 á skrifstofu Öxarfjarðarhrepps.
2. Til að útgerð komi til greina við úthlutun byggðakvóta, þarf hún að sýna fram á að a.m.k. kosti helmingur áhafnar hafi verið búsettur í sveitarfélaginu þann 31. ágúst 2003.
3. Fyrir 30. apríl 2004 skulu útgerðaraðilar sem fengið hafa byggðakvóta skv. reglum þessum gera grein fyrir hvernig þeir muni nýta úthlutaðar aflaheimildir fyrir lok kvótaársins. Geti útgerðaraðili ekki sýnt fram á nýtingu eða geri ekki grein fyrir því hvernig nýtingu verði háttáð mun sveitarstjórn úthluta heimildinni til annarra útgerðaraðila sem sótt hafa um skv. 1. og 2. tl.
4. Byggðakvótanum verður skipt jafnt milli þeirra umsækjenda sem til greina koma skv. 1.–3. tl.

11. Austurbyggð.

1. Úthlutuðum aflaheimildum verður skipt milli þeirra skipa sem skráð hafa verið með heimahöfn í Austurbyggð fiskveiðiárið 2002/2003. Einnig eiga skip rétt á úthlutun ef eigendur þeirra hafa átt lögheimili og starfsstöð í Austurbyggð á sama tíma.
2. Byggðakvóta skal skipt jafnt milli þeirra skipa sem til greina koma.
3. Skilyrði fyrir úthlutun er að útgerð skips skuldbindi sig til að landa til vinnslu í Austurbyggð þeim afla sem úthlutað verður skv. þessum reglum. Jafnframt skuldbindi hún sig til að landa til vinnslu á staðnum þreföldu því magni sem hún fær úthlutað. Í lok fiskveiðiárs skal viðkomandi skila staðfestingu frá vinnslu um að tilskilið magn hafi borist henni.
4. Verði útgerð sem úthlutað er samkvæmt þessum reglum uppvís að því að virða ekki þau skilyrði sem sett eru varðandi vinnslu afla í sveitarfélaginu fyrirgerir hún rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar á næsta ári.

12. Vestmannaeyjar.

1. Útgerðir sem uppfylla eftirfarandi skilyrði eiga kost á byggðakvóta sækja þær um:
 - a) Að bátar þeirra séu skráðir í Vestmannaeyjum.
 - b) Að þær hafi lögheimili í Vestmannaeyjum.
 - c) Að þær leggi fram tvö kíló af eigin aflaheimildum fyrir hvert kíló sem þeim er úthlutað af byggðakvóta Vestmannaeyjabæjar.
 - d) Að þær landi aflanum í Vestmannaeyjum.
 - e) Að þær leggi fram skriflegt samkomulag við fiskvinnslur í Vestmannaeyjum um vinnslu þeirra aflaheimilda sem þeim verður úthlutað skv. þessum reglum og afla skv. c. lið.
2. Byggðakvóta skal skipt milli fiskiskipa í hlutfalli við landaðan afla þeirra í Vestmannaeyjum á síðasta fiskveiðiári.
3. Útgerðum er óheimilt að famselja aflaheimildir sem úthlutað er á grundvelli þessara reglna. Framselji útgerðir aflaheimildir á yfirstandandi ári skulu þær afsala sér sambærilegu magni af byggðakvótanum sem þá verður úthlutað að nýju.
4. Útgerðir skulu í einu og öllu fara að þeim skilyrðum sem hér koma fram, þar á meðal skulu forráðamenn þeirra skrifa undir samkomulag við Vestmannaeyjabæ um að þær afsali sér aflaheimildum fari þær eða geti þær ekki farið að þeim reglum sem um úthlutun byggðakvótans gilda. Þá fyrirgera útgerðir sem ekki fara að skilyrðum reglnanna rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar á næsta ári, að óbreyttum reglum.

2. gr.

Fjarðabyggð.

Með auglýsingu þessari eru jafnframt leiðréttar reglur Fjarðabyggðar sem birtust í auglýsingu nr. 855, 17. nóvember 2003, að því leyti að miða skal við fiskveiðiárið 2003/2004 í 1. tl. reglanna en ekki fiskveiðiárið 2002/2003 eins og þar segir.

3. gr.

Að þessari auglýsingu birtri skulu sveitarstjórnir auglýsa eftir umsóknum og kynna úthlutunarreglur. Að loknum fresti sem sveitarstjórn veitir til umsókna, gerir sveitarstjórn síðan tillögur til ráðuneytisins um endanlega skiptingu aflaheimildanna milli einstakra fiskiskipa. Fallist ráðuneytið á tillögur sveitarstjórna koma þær til framkvæmda. Að öðrum kosti er aflaheimildum skipt milli einstakra fiskiskipa á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 596/2003.

4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. desember 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

*Þórður Eypórsson.***AUGLÝSING****um deiliskipulag á Akranesi.**

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, lóð við Eyrarflöt nr. 6.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 28. október 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, lóð nr. 6 við Eyrarflöt á Akranesi.

Breytingin felst í að fellt er út ákvæði um að byggður skuli bílakjallari sé byggt 3ja hæða hús. Samhliða því fjölgar bílastæðum á lóð. Aðkoma lóðar verður um vesturenda þar sem áður var gert ráð fyrir skábraut niður í bílakjallara. Afnumin er bindandi byggingarlína á norðurhlið byggingar. Byggingarreitur er rýmkaður til suðurs og verður 8 m frá lóðamörkum í stað 14 m. Jafnframt er byggingarlína til norðurs færð sunnar. Kvöð um gangstétt er færð að nyrðri lóðamörkum og er 1,6 m breið. Staðsetning sorps verður sunnan gangstígs við nyrðri lóðamörk.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 3. desember 2003.

Ólóf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 137 – 2003

5. desember 2003

2679

Nr. 893

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn stk.</i>	<i>Verðtollur %</i>	<i>Magntollur kr./stk.</i>
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
	<i>Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</i>				
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
	<i>Aðrar útiplöntur:</i>				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
	<i>Inniplöntur:</i>				
0602.9070	Græðlingar með rót og unglöntur ekki kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0602.9094	Plöntur af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metra á hæð	01.01.-30.06.04	3.400	30	0
0602.9099	Annars (pottaplöntur yfir 1 metri á hæð)	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./stk.
	<i>Nýtt:</i>				
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.04	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslirnar Prote, Bankasía o.fl.	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0603.1005	Blóm af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0603.1006	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.01.-30.06.04	175.000	30	0
0603.9000	Annað (þurruð blóm)	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.04	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollfgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollfgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollfgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 189/1990, um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. desember 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald í Fellahreppi.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum í Fellabæ, skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í Fellabæ. Skal nota það til greiðslu kostnaðar við að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, við lagningu bundins slitlags, og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða. Innifalið í fullu gatnagerðargjaldi er ein mæling fyrir staðsetningu og hæðarsetningu byggingar og ein staðsetning lóðamarka.

3. gr.

Grunnur gatnagerðargjalds.

1. Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í húsbyggingu eins og hann er hverju sinni í vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands eins og hér greinir. Gjald pr. fermetra skal tilgreina í heilum krónum:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	7,7%
Raðhús, parhús, tvíbýlishús og keðjuhús	5,7%
Fjölbýlishús	3,3%

Verslanir, skrifstofur, þjónustu og viðskiptastofnanir og opinberar byggingar	7,1%
Annað húsnæði	4,2%

2. Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins.
3. Sveitarstjórn getur hækkað eða lækkað gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna tiltekinnna svæða eða lóða um allt að 20%.

4. gr.

Lágmarksgjald.

1. Við ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds við úthlutun byggingarréttar á lóð skal að jafnaði miða við eftirfarandi stærðir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	120 fermetra.
Raðhús, tvíbýlishús, keðjuhús	100 fermetra pr. íbúð.
Fjölbýlishús	80 fermetra pr. íbúð.

2. Lágmarksgatnagerðargjald af öðrum lóðum skal taka mið af nýtingarmöguleika á lóð samkvæmt því skipulagi, sem gildir við lóðarúthlutun. Reikna skal flatarmál húsa skv. IST 50 um flatarmál og rúmmál bygginga og miða við brúttóstærðir. Bílgeymslur og útihús skal telja með við útreikning á flatarmáli húsa.

5. gr.

Greiðsluskilmálar.

1. a) Við lóðarúthlutun skal greiða 50% álagðs gatnagerðargjalds.
Við útgáfu byggingarleyfis skal greiða 25% álagðs gatnagerðargjalds.
Við útgáfu fokheldisvottorðs skal greiða 25% álagðs gatnagerðargjalds.
- b) Hafi ekki verið lagt bundið slitlag á viðkomandi götu við lóðarúthlutun skal einungis greiða 20% gjaldsins við lóðarúthlutun.
Við útgáfu byggingarleyfis skal greiða 25% álagðs gatnagerðargjalds.
Við útgáfu fokheldisvottorðs skal greiða 25% álagðs gatnagerðargjalds.
Þegar lagt hefur verið bundið slitlag skal greiða 30% álagðs gatnagerðargjalds.
2. Þegar eigandi lóðar byggir á eigin lóð greiðir hann 75% gatnagerðargjalds við útgáfu byggingarleyfis.
Hafi ekki verið lagt bundið slitlag á viðkomandi götu við útgáfu byggingarleyfis skal einungis greiða 45% gjaldsins, við útgáfu fokheldisvottorðs skal greiða 25% af gatnagerðargjaldi og 30% við lagningu bundins slitlags.
3. Af flatarmáli bygginga sem byggingarnefnd samþykkir og sem er umfram það flatarmál, sem lágmarksgatnagerðargjald skv. 1. mgr. 4. gr. var miðað við, skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar það er samþykkt. Viðbótargatnagerðargjald skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.

Álagt gatnagerðargjald tekur breytingum mánaðarlega miðað við byggingarvísitölu. Af gjaldföllu gatnagerðargjaldi skal reikna dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

6. gr.

Undantekningar.

- a) Gatnagerðargjald skal lækkað eða fellt niður þegar svo stendur á, sem í 1. - 4. töl. þessarar málsgreinar segir:
 - 1) Af kjallarárymum íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi, enda sé húsrýmið gluggalaust og aðeins gengt í það innanfrá.
 - 2) Af sameiginlegum bifreiðageymslum fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar, sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða, skal greiða 25% af fermetragjaldi þeirra húsa, sem þær eiga að þjóna.
 - 3) Af yfirbyggðum göngugötum eða léttum tengibyggingum í eða á milli verslunar- og/eða skrifstofuhúsa, sem teljast til sameignar viðkomandi húss (húsa) og eru til almenningsnota á afgreiðslutíma viðkomandi verslana/skrifstofa, skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi verslunar- og skrifstofuhúsa. Skilyrði þessa er þó að hús, sem yfirbygging eða tengibygging er byggð við, sé svo sjálfstætt, að það fullnægi kröfum byggingarlaga og reglugerðar án hennar og jafnframt að yfirbyggingin eða tengibyggingin sé þannig úr garði gerð, að hún fullnægi ekki ein sér kröfum byggingarlaga og reglugerðar.
 - 4) Af auknu flatarmáli íbúðarhúsa 15 ára og eldri, sem leiðir af endurbótum á þeim, t.d. með byggingu anddyris, yfirbyggingu svala, glerskálum o.þ.h. skal ekki greiða gatnagerðargjald, enda nemi stækkunin ekki meiru en 1/3 hluta af flatarmáli íbúð-

arinnar og aldrei meiru en 30 m² á hverja lóð. Tilheyrir stækkunin sameign fjöleign-arhúss, skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða. Við ákvörðun gatnagerðargjalds skv. þessum tölulið skal meta í einu lagi þær stækk-anir, sem samþykktar hafa verið á sama húsi á næstu 5 árum á undan.

- b) Samþykki byggingarnefnd breytingar á húsnæði eða notkun húsnæðis, sem undanþágur skv. 1., 2. eða 3. tl. a) liðar þessarar greinar taka til, þannig að það uppfyllir ekki lengur skilyrði til lækkunar gatnagerðargjalds, skal greiða gatnagerðargjald af því húsnæði samkvæmt gildandi gjaldskrá, að teknu tilliti til þess sem áður hefur verið greitt vegna sama húsnæðis. Ef veitt er undanþága frá greiðslu gatnagerðargjalds skv. 1., 2. eða 3. tl. a) liðar þessarar gr., skal þinglýsa yfirlýsingu á viðkomandi eign um að breytt notkun húsnæðisins geti leitt til greiðslu gatnagerðargjalds.

7. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

- Um endurgreiðslu greidds gatnagerðargjalds fer eftir 9. gr. reglugerðar nr. 543/1996. Gatnagerðargjald endurgreiðist ásamt verðbótum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim degi þegar það var greitt. Gatnagerðargjald, sem greitt hefur verið í tengslum við veitingu byggingarleyfis, skal verðbætt samkvæmt framansögðu til þess dags, þegar gatnagerðargjaldið er endurgreitt.
- Hafi byggingarleyfi fyrir húsi eða hluta húss verið bundið skilyrði um niðurrif eða brottflutning að kröfu sveitarstjórnar skal gatnagerðargjald, sem greitt hefur verið vegna viðkomandi byggingar, endurgreitt ásamt verbótum þegar byggingin hefur verið rifin eða fjarlægð í samræmi við kvöðina. Verðbætur skulu reiknast frá greiðsludegi gatnagerðargjaldsins til þess dags, að niðurrifs eða brottflutnings er krafist. Réttur til endurgreiðslu gatnagerðargjalds samkvæmt þessari málsgrein fellur niður ef byggingaryfirvöld í Fella-hreppi hafa ekki krafist niðurrifs eða brottflutnings byggingarinnar, sem kvöðin hvílir á, innan 15 ára frá því að hið skilyrta byggingarleyfi var upphaflega veitt.

8. gr.

Inneign gatnagerðargjalds til frádráttar.

Ef byggt er nýtt hús eða byggt við eldra hús á lóð, sem greitt hefur verið lágmarks-gatnagerðargjald af fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, skal viðbótargatnagerðargjald reiknað eins og hér segir:

- Ef bygging eða byggingar sem fyrir eru á viðkomandi lóð eru minni að rúmmáli en sem svarar því, sem lágmarksgatnagerðargjaldið var miðað við, skal sá hluti hins greidda gjalds, sem þannig stendur eftir, verðbættur miðað við vísitölu byggingarkostnaðar frá greiðsludegi til þess dags, þegar nýtt byggingarleyfi er samþykkt og koma þannig til frádráttar við ákvörðun viðbótargatnagerðargjalds.
- Ef bygging eða byggingar sem fyrir eru á lóð eru jafn stórar eða stærri að flatarmáli en sem svarar því, sem lágmarksgatnagerðargjaldið var miðað við, skal greiða viðbótar-gatnagerðargjald samkvæmt 3. tölulið í 5. gr.

9. gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Fella-hrepp fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld, sem Fella-hreppur hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu, sbr. 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 171/1996, nema aðilar séu um annað sáttir.

10. gr.

Gatnagerðargjald skv. gjaldskrá þessari er tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign og nýtur því forgangs fyrir sammings- og aðfararveðum. Um lögveðsréttinn vísast til 4. gr. laga nr. 17/1996 um gatnagerðargjöld.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996 og öðlast gildi við birtingu auglýsingar í Stjórnartíðindum B-deild, og fellur þá úr gildi eldri samþykkt um gatnagerðargjald í Fellahreppi frá 16. júní 1999.

Samþykkt af sveitarstjórn Fellahrepps, 1. október 2003.

Jens P. Jensson sveitarstjóri.

SAMÞYKKT

um stjórn Akureyrarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar er skipuð ellefu bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn bæjarins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn skal annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal annarra verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og

stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfyritæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu, stofnunum þess og fyrirtækjum.

2. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, sbr. 63. gr.
3. Að móta stefnu fyrir starfsemi bæjarstjórnar, sviða, deilda og stofnana, setja starfsemi bæjarins reglur, m.a. um ábyrgðarmörk nefnda, kjörinna fulltrúa og embættismanna, gjaldskrár o.þ.h. eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
4. Að gera fjárhagsáætlanir og starfsáætlanir sem eru stefnumótandi fyrir svið, deildir og stofnanir.
5. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og VII. kafla samþykktar þessarar. Bæjarstjórn tekur ákvarðanir um verulegar skuldbindingar bæjarfélagsins til lengri tíma.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, að jafnaði fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar. Reglulegir bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri boðar bæjarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það, sbr. þó 8. gr.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miða skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur hún ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og annarra ædstu stjórnenda bæjarins, sbr. 61. og 63. gr.
2. Mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar, sbr. 6. gr., og bæjarstjóri, bæjarfulltrúar eða nefndir vilja taka á dagskrá. Óski bæjarfulltrúi eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna bæjarstjóra það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn fyrir kl. 13.00 föstudaginn fyrir bæjarstjórnarfund. Nefnd sem vill vísa máli til bæjarstjórnar skal hafa skilað samþykkt um það í frágenginni fundargerð fyrir kl. 13.00 á fimmtudegi fyrir bæjarstjórnarfund.
3. Fundargerðir nefnda til kynningar.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða nefnda, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Áður en skilafrestur tillagna um dagskrármál skv. 2. tölul. rennur út skal birta bæjarfulltrúum með rafrænum hætti skrá yfir fundi nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 59. gr., sem haldnir hafa verið frá því að skilafrestur rann síðast út. Skoðast skráin sem viðauki við dagskrá, sbr. 3. tölul.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund. Aukafundir skulu á sama hátt boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg bæjarbúum í þjónustuanddyri bæjar-skrifstofanna og á vefsíðu bæjarins eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

14. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti milli hverra tveggja þeirra skal kjósa. Verður sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þótt hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri tveggja varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

15. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu telja atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

16. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði og er almenningi heimill aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

18. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og að allar ályktanir og samþykktir séu nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

19. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem hefur ekki verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afgangi.

20. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir og reglugerðir sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið, sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

21. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra og boða varamann sinn á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast, sbr. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að einstaklingur utan bæjarstjórnar taki til máls á bæjarstjórnarfundi.

22. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt megi ætla að afstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Sama á við sé hann fyrirvarsmaður aðila sem málið varðar með samþerilegum hætti.

Bæjarfulltrúi er ekki vanhæfur þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúi sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

23. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem vill taka til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

24. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta og/eða fundarins.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Bæjarfulltrúi má ekki lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

25. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigsjum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýði bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta ef nauðsyn krefur.

26. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

27. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

28. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá bæjarstjórn eða til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

29. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja afgreiðslu máls að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál afgreitt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef einhver bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölu-settri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er bæjarfulltrúa að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

30. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti. Kosningar sem fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal hún fara fram eins og við forsetakjör.

31. gr.

Bæjarstjórn skal skipa sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast færslu gerðabókar og ritun fundargerða.

Í gerðabók bæjarstjórnar skal skrá númer hvers fundar, hvar og hvenær hann er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín í gerðabók við slit fundar.

Fundargerðir bæjarstjórnar skal skrá í tölvu. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila mála og meginefni og hvernig þau eru afgreidd. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál í sérstaka gerðabók.

Í lok fundarins skal fundargerð prentuð, lesin upp og undirrituð af fundarmönnum. Einnig skulu forseti og skrifarar setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar og blaðsíðurnar tölusettar í áframhaldandi töluröð frá síðasta fundi. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Umræður á bæjarstjórnarfundum skulu hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Bæjarstjórn skal setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

32. gr.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem hefur verið forseti eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd eitt kjörtímabil eða lengur skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

33. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

34. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa hefur tekið þátt í henni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skv. 3. tölul. 11. gr.

35. gr.

Aðalmenn í bæjarstjórn eiga óhindraðan aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til að afla upplýsinga vegna starfa sinna.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

37. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn vegna óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

39. gr.

Kjörnum fulltrúum ber greiðsla úr bæjarsjóði fyrir störf sín í þágu bæjarfélagsins samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur.

40. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

41. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

IV. KAFLI

Bæjarráð.

42. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Kosningar í bæjarráð skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

43. gr.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi má tilnefna varamann í föllum sínum. Ákvæði um launakjör, sbr. 39. gr., eiga einnig við áheyrnarfulltrúa.

44. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Bæjarráð skal ákveða og auglýsa fastan fundartíma í upphafi hvers kjörtímabils bæjarstjórnar.

45. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund tilkynnir hann forföll til bæjarstjóra og boðar varamann sinn.

46. gr.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundar-sköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Starfsmaður bæjarráðs annast fundarritun. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 31. gr.

Bæjarráðsfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

47. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með fjármálastjórn bæjarins að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Bæjarráð sér um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Bæjarráð hefur umsjón með framkvæmd og fjárhagsramma verkefna sem tengjast stuðningi við atvinnulíf bæjarfélagsins, frumkvöðla og fyrirtæki. Þá fer bæjarráð með yfirumsjón kjaramála bæjarstarfsmanna og skipar fulltrúa í kjaranefndir.

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sbr. 54. gr.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála skv. 57. gr.

48. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað. Heimilt er að boða aðra á fundi bæjarráðs til viðræðna um tiltekin mál.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

49. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar og kýs formenn og varaformenn. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmat forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

51. gr.

Nefndarfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II.–IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum eftir því sem við á.

53. gr.

Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

54. gr.

Bæjarráði og öðrum kjörnum nefndum sem taldar eru upp í 1.–10. tölul. b-liðar 59. gr. er heimilt að afgreiða á grundvelli erindisbréfs skv. 53. gr., án staðfestingar bæjarstjórnar, mál á verksviði þeirra ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

55. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að fela eftirtöldum embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 54. gr.:

1. Skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða mál samkvæmt skipulags- og byggingarlægum nr. 73/1997 í umboði umhverfisráðs.
2. Bæjarlögmanni í umboði bæjarráðs samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998 og lögum um veitinga- og gististaði nr. 67/1985:
 - a. að gefa umsagnir um veitingu og endurnýjun veitingaleyfa,
 - b. að gefa út og endurnýja vínveitingaleyfi, og
 - c. að afturkalla vínveitingaleyfi, veita leyfishöfum vínveitinga áminningu vegna brota á áfengislögum og svipta rekstraraðila vínveitingaleyfi.
3. Fjármálastjóra að afgreiða mál samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 í umboði bæjarráðs.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu embættismanna en viðkomandi nefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi nefndar til fullnaðarafgreiðslu.

56. gr.

Mál sem embættismanni er heimilt að afgreiða eða sem hefur fengið afgreiðslu í nefnd getur komið til ákvörðunar bæjarstjórnar með tvennum hætti:

1. Nefnd er skylt að vísa afgreiðslu máls til bæjarstjórnar ef a.m.k. þriðjungur nefndarmanna óskar eftir því með bókun á nefndarfundum.
2. Bæjarfulltrúi getur með formlegri og rökstuddri tillögu óskað þess að ákvörðun nefndar eða embættismanns, sbr. 54. og 55. gr., verði tekin á dagskrá bæjarstjórnar. Þetta gildir þó ekki ef ákvörðun hefur verið tilkynnt málsaðila og hagsmunir hans mæla gegn því að mál verði tekið upp að nýju.

57. gr.

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá bæjarstjórn, nefnd eða embættismanni ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til bæjarráðs og verður að jafnaði að koma fram áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur bæjarráð ákvörðun um málsmeðferð.

58. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir skulu halda gerðabækur. Starfsmaður nefndar annast fundarritun. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 31. gr.

59. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir. Bæjarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda skv. A- og B-lið:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert.

1. *Bæjarráð.* Fimm aðalfulltrúar í bæjarstjórn og fimm til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar nefndir kosnar:

1. *Áfengis- og vímuvarnanefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin skal vinna að forvörnum og er bæjarstjórn til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnamál.
2. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn málefna aldraðra, sbr. samþykkt um skipan félagsmála á Akureyri frá 3. maí 1994. Þá sér ráðið auk þess um framkvæmd laga um húsnæðismál nr. 44/1998, önnur en fjárhagsmál sem heyra undir bæjarráð.
3. *Framkvæmdaráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt frá 20. júní 2000. Nefndin fer með málefni samkvæmt lögum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, svo og málefni Slökkviliðs Akureyrar, Strætisvagna Akureyrar og stjórnar Fasteigna Akureyrarkaupstaðar, sbr. samþykkt um framkvæmdaráð frá 20. mars 2001.
4. *Íþrótt- og tómstundaráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt frá 24. apríl 1990.
5. *Jafnréttis- og fjölskyldunefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 en að auki sér nefndin um framkvæmd fjölskyldustefnu Akureyrarkaupstaðar frá 9. apríl 2002.

6. *Menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt um menningarmálanefnd frá 24. apríl 1990. Menningarmálanefnd annast störf þau er stjórn almenningsbókasafna eru falin samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 7. *Náttúruverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara samkvæmt erindisbréfi samþykktu í bæjarstjórn 20. júní 2000.
 8. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Auk þess fer nefndin með málefni leikskóla og tónlistarskóla, sbr. samþykkt frá 20. október 1998.
 9. *Stjórnsýslunefnd*. Fimm bæjarfulltrúar og fimm til vara, sbr. samþykkt bæjarstjórnar fyrir stjórnsýslunefnd frá 17. desember 2002.
 10. *Umhverfissráð*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt bæjarstjórnar um erindisbréf umhverfissráðs frá 20. mars 2000. Umhverfissráð annast störf þau er byggingar- og skipulagsnefnd er falið skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
 11. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Kjörstjórn fer með verkefni kjörstjórnar við alþingiskosningar skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og yfirkjörstjórnar við bæjarstjórnarkosningar skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 12. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og tveir til vara, sbr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga.
- C. Tilnefningar þingfulltrúa hjá samtökum sveitarfélaga og í stjórnir:
1. *Almannavarnanefnd Eyjafjarðar*. Þrír aðalmenn og þrír til vara, sbr. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962, auglýsingu um samstarf um almannavarnanefndir frá 5. febrúar 1996 og samkomulag um skipan nefndarinnar frá 19. mars 1996.
 2. *Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar*. Þrír aðalmenn og einn til vara, sbr. samþykkt stofnfundar frá 15. nóvember 1998 og stofnsamning Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. Þessir stjórnarmenn skulu kosnir árlega fyrir aðalfund Atvinnuþróunarfélagsins.
 3. *Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar*. Fjórir aðalmenn og fjórir til vara samkvæmt grein 2.1 í samningi um stofnun á sameiginlegri barnaverndarnefnd frá 24. nóvember 1999.
 4. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
 5. *Hafnasamlag Norðurlands*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. stofnsamning frá 28. desember 1996.
 6. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 7. *Héraðsnefnd Eyjafjarðar*. Sex aðalmenn og sex til vara, sbr. samþykkt héraðsnefndar Eyjafjarðar frá 8. desember 1998.
 8. *Stjórn Landsvirkjunar*. Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara skv. 8. gr. laga um Landsvirkjun nr. 42/1983.
 9. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fimm þingfulltrúar og fimm til vara skv. 7. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 10. *Eyþing, samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum*. Sjö aðalmenn og sjö til vara, sbr. samþykkt aðalfundar Eyþings frá 6. júní 1996.
 11. *Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra*. Einn aðalmaður og einn til vara samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og samþykkt frá 2. febrúar 1988.
 12. *Skólanefndir Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri*. Bæjarstjórn tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara í hvora nefnd til héraðsnefndar sem kýs í nefndirnar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
 13. *Stjórn Sparisjóðs Norðlendinga*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996.

14. *Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarkaupstaðar*. Tveir aðalmenn úr hópi bæjarfulltrúa og tveir til vara. Jafnframt eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar STAK og tveir til vara og bæjarstjóri sem er formaður, sbr. 4. gr. reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarkaupstaðar frá 1. febrúar 1994, ásamt breytingum frá 18. apríl 1996.
- D. Aðrar nefndir sem stofnaðar verða.

60. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr sé verkefni þeirra lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starflið bæjarins.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

62. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt á sæti á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn ákveður ekki annað.

Bæjarstjóri skipar embættismenn í framkvæmdastjórn sem er honum til ráðuneytis um daglegan rekstur bæjarfélagsins. Framkvæmdastjórn skal vinna að því að stjórnsýsla Akureyrarkaupstaðar sé ávallt skilvirk, hagkvæm og örugg ásamt því að hafa frumkvæði að bættri þjónustu og hagræðingu í rekstri.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarráðs að veita öðrum starfsmönnum bæjarins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfliðs bæjarins.

Bæjarstjórn ákveður hver skuli gegna störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

63. gr.

Bæjarstjórn ræður þá embættismenn sem heyra beint undir bæjarstjóra í skipuriti. Enn fremur ræður bæjarstjórn að fengnum tillögum viðkomandi fagnefnda framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarsjóðs.

64. gr.

Fagnefndir ráða deildarstjóra að fengnum tillögum viðkomandi sviðsstjóra og forstöðumenn að fengnum tillögum viðkomandi deildarstjóra. Deildarstjórar og forstöðumenn ráða aðra starfsmenn.

65. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, reglum um ábyrgðarmörk, starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun.

VII. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

66. gr.

Fjárhagsár Akureyrarkaupstaðar, stofnana og fyrirtækja hans er almanaksárið.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarins fyrir næsta ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

67. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 66. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu. Ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjar-sjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhags-áætluninni.

68. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnar-fundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum bæjarfulltrúum með dagskrá við-komandi bæjarstjórnarfundar.

69. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja áætlun næstu þriggja ára um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

70. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhags-áætlun skv. 67. gr. og þriggja ára áætlun skv. 69. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 66. gr.

71. gr.

Ársreikningur bæjarins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæj-arstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endur-skoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjar-ins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal sent félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Akureyrarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 99/2000, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. nóvember 2003.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Guðmundur Ómar Hafsteinnsson.

Nr. 896

21. nóvember 2003

AUGLÝSING

um umferð í Varmahlíð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Skagafjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Varmahlíð:

1. Skólavegur verður að aðalbraut.
2. Birkimelur að Reykjarhólsvegi verður að aðalbraut.
3. Reykjarhólsvegur verður að aðalbraut.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Varmahlíð, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 21. nóvember 2003.

Ríkarður Másson.

Nr. 897

10. desember 2003

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag við Laufásveg/Borgarbraut.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag Jaðarsmýrarsvæðis sem samþykkt var í júní 1983.

Hið nýja deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 10. desember 2003.

Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 916/2001, um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir umsóknir um einkaleyfi og yfirfærðar alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir skal greiða eftirtalin gjöld:

	Kr.
1. Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga (ell.) nr. 17/1991 og gjald fyrir yfir færða einkaleyfisumsókn skv. 31. gr. ell.:	
a. grunngjald	34.500
b. viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu	1.700
2. Umsóknargjald fyrir umsókn sem lögð er inn í samræmi við 38. gr. ell.:	
a. grunngjald	34.500
b. viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu.....	1.700
3. Gjald skv. 36. og 37. gr. ell.	40.000
4. Viðbótargjald vegna viðbótarfrests til að leggja inn tilskilda þýðingu vegna yfirfærðrar umsóknar skv. 3. mgr. 31. gr. ell.	12.500
5. Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 15. gr. eða 3. mgr. 19. gr. ell.	6.500
ef umsókn hefur áður verið endurupptekin	12.500
6. Umsýslugjald fyrir milligöngu varðandi nýnæmisrannsókn hjá alþjóðlega viðurkenndri stofnun skv. 9. gr. ell.	5.500
7. Umsýslugjald fyrir alþjóðlega umsókn skv. 4. tölul. 2. mgr. 51. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. (rg. ell.)	6.500
8. Útgáfugjald skv. 1. mgr. 19. gr. ell.:	
a. grunngjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi	16.000
b. viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu umfram 40	700
c. viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar	1.700
9. Gjald fyrir endurútgáfu einkaleyfis	16.000
10. Rannsóknargjald fyrir umsókn sem lögð var inn fyrir 1. janúar 1992 og send verður í nýnæmisrannsókn skv. viðauka I í auglýsingu nr. 575/1991 um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir	30.000

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi skv. 5. mgr. 8. gr., 40.-42. og 82. gr. ell. eru sem hér segir:

	kr.		kr.
1. gjaldár	3.300	11. gjaldár	9.800
2. gjaldár	3.300	12. gjaldár	12.500
3. gjaldár	3.300	13. gjaldár	12.500
4. gjaldár	4.900	14. gjaldár	15.700
5. gjaldár	4.900	15. gjaldár	15.700
6. gjaldár	6.300	16. gjaldár	19.400
7. gjaldár	6.300	17. gjaldár	22.000
8. gjaldár	7.900	18. gjaldár	25.000
9. gjaldár	7.900	19. gjaldár	28.000
10. gjaldár	9.800	20. gjaldár	31.000

Árgjald, sem greitt er innan sex mánaða frá gjalddaga skv. 3. mgr. 41. gr. eða 3. mgr. 42. gr. ell., skal hækka um 20%.

3. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

	Kr.
Fyrir umsókn um viðbótartvötorð fyrir einkaleyfi skv. 65. gr. a í ell. skal greiða	35.000
Árgjald fyrir hvert byrjað gjaldár viðbótartvötorðs skv. 65. gr. a í ell. og 51. gr. rg. ell. er	29.800
Árgjald, sem greitt er innan sex mánaða frá gjalddaga, hækkar um 20%.	

4. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ýmis gjöld vegna umsókna og veittra einkaleyfa:

1. Beiðni um innritun í einkaleyfadagbók eða einkaleyfaskrá, svo sem varðandi eiganda- eða aðilaskipti (framsal), uppfinningamann og nytjaleyfi, sbr. 9. og 48. gr. rg. ell.	2.000
2. Afrit af almennt aðgengilegri einkaleyfisumsókn (lýsing, einkaleyfiskröfur, ágríp og teikningar) eða af veittu einkaleyfi	600
3. Afrit af eintökum skv. 1. mgr. 25. gr. rg. ell. eða af einkaleyfi eða framlagningarskjali	600
4. Staðfest afrit af skjölum skv. 2. og 3. tölul., m.a. forgangsréttarskjöl	3.000
5. Útgáfa og framsending forgangsréttarskjala skv. 5. tölul. 2. mgr. 51. gr. rg. ell.	3.000
6. Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr einkaleyfaskrá	1.500
7. Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða einkaleyfis	1.900
8. Endurveitingargjald skv. 72. gr. ell.	17.000

5. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir umsókn um skráningu vörumerkis skal greiða:

1. Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	15.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000
3. Fyrir hverja mynd umfram eina, þegar merki er í þrívídd, skal að auki greiða	1.500

6. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir tilnefningu á Íslandi í umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis eða félagsmerkis skal greiða til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:

1. Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	15.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

7. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir umsókn um endurnýjun vörumerkis skal greiða:

1. Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	15.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

Fyrir endurnýjun alþjóðlegrar skráningar vörumerkis skal greiða til Alþjóðahugverka-
stofnunarinnar:

	Kr.
1. Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	15.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

8. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir umsókn um skráningu félagamerkis og endurnýjun skal greiða:

1. Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	15.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

9. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ýmis gjöld vegna vörumerkja:

1. Beiðni um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga	2.500
- fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun	1.200
2. Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) í vörumerkjaskrá	2.000
- fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun eða beiðni skv. 1. tölul.	0
3. Beiðni um innritun nytjaleyfis	2.000
4. Beiðni um innritun annarra breytinga í vörumerkjaskrá	1.700
5. Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða skráningar	1.900
6. Staðfest útskrift (ljósrít eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá	1.500
7. Staðfest afrit umsóknar, forgangsréttarskjal	2.000
8. Útskrift (ljósrít eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá	650
9. Athugun og mat á því hvort tiltekið vörumerki teljist það líkt skráðu vörumerki eða merki sem sótt hefur verið um skráningu á að ruglingshætta yrði hugsanlega talin vera fyrir hendi ef umsókn yrði lögð inn	3.000
10. Fyrir móttöku og meðhöndlun á umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis, sbr. 46. gr. vörumerkjalaga	6.500

10. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir umsókn um skráningu hönnunar skal greiða:

1. Grunnjald fyrir skráningartímabilið 0 - 5 ár	9.800
2. Grunnjald fyrir skráningartímabilið 5 - 10 ár	12.500
3. Grunnjald fyrir hvert fimm ára skráningartímabil eftir tíu ár	15.500
4. Gjald fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu fyrir skráningartímabilin 0-5 ár og 5-10 ár	4.000
5. Hver hönnun umfram eina í samskráningu fyrir hvert fimm ára skráningartímabil eftir tíu ár	6.700
6. Fyrir birtingu hvernar myndar umfram eina	2.500

11. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Gjald fyrir rannsókn skv. 2. mgr. 17. gr. laga um hönnun	6.700
Ef krafa um rannsókn kemur fram við innlagningu umsóknar	4.600

12. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

	Kr.
1. Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) eða nytjaleyfis í hönnunarskrá	2.000
2. Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá	600
3. Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá	1.500
4. Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 19. gr. laga um hönnun	6.500
5. Endurveitingargjald skv. 48. gr. laga um hönnun	15.000

13. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir þjónustu, sem verður ekki heimfærð undir einingarverð reglugerðarinnar, svo sem umfangsmikla leit, athuganir, úrvinnsla eða tölvuútskriftir á grundvelli upplýsinga í einkaleyfaskrá, vörumerkjaskrá eða hönnunarskrá, greiðist tímagjald:

1. Sérfræðingar, á klst.	3.600
2. Aðrir starfsmenn, á klst.	2.000
3. Fyrir ljósrit af gögnum varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. greiðist fyrir hverja síðu í stærðinni A4	50

Ef beiðni um ljósritun útheimtir verulega úrvinnslu gagna eða leit í skjalasafni reiknast að auki tímagjald samkvæmt staflíð a eða b eftir því sem við á.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun, og 9. gr. laga nr. 155/2002 um félagamerki, öðlast gildi 1. janúar 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 1. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjald í Grundarfirði.

1. gr.

Almennt.

Bæjarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á allar nýbyggingar svo og stækkunum eldri húsa sem eru á eignar- eða leigulóð í Grundarfirði. Greiða skal gatnagerðargjald til bæjarstjórnar samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Innifalið í gatnagerðargjaldi er gatnagerð, svo sem undirbygging gatna, tilheyrandi lagnir, m.a. vegna götulýsingar, lagning bundins slitlags, gangstétta, umferðareyja og þess háttar, sem gert er ráð fyrir í skipulagi.

2. gr.

Gatnagerðargjald.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á rúmmetra (kr./m³) í vísitölufjölbýlishúsi, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund sem hér segir:

Einbýlishús	6,0%
Opinberar byggingar	5,5%
Parhús og raðhús	4,5%
Fjölbýlishús	3,0%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	3,0%
Atvinnuhúsnæði	3,5%
Annað húsnæði	2,5%

Rúmmál bygginga skal reiknast eftir ÍST 50 og miðað við brúttóstærðir, þar með talið bílgeymslur og önnur útihús.

3. gr.

Áætlun gatnagerðargjalds.

Nú liggur ekki fyrir samþykktur uppdráttur og skal þá miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús	500 m ³
Parhús og raðhús, hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús, hver íbúð	300 m ³

Í öllu öðru húsnæði skal við útreikninga til áætlaðs gatnagerðargjalds miðað við loft hæð 3,5 metrar og nýtingarhlutfall lóðar samkvæmt deiliskipulagi. Ef nýtingarhlutfall lóðar liggur ekki fyrir í skipulagi mun sveitarstjórn ákvarða það.

Endanlegt gatnagerðargjald skal reiknað samkvæmt 2. gr. þegar samþykktur uppdráttur liggur fyrir og það greitt eða samið um við veitingu byggingarleyfis.

4. gr.

Heimild til lækkunar og hækkunar gatnagerðargjalds.

Bæjarstjórn er heimilt að lækka eða hækkna gatnagerðargjald, útreiknað skv. 2. gr. og 3. gr. um allt að 50%, án þess að auglýsa það sérstaklega, m.a. vegna kostnaðar við land, undirbyggingu- og frágangsgatna, jarðvegsdýpt, þversnið lóðarfrágangs, frágangs í kringum afmörkuð hverfi, o.fl.

5. gr.

Álagning gatnagerðargjalds m.a. ef hús er rífið eða það brennur.

Þegar hús er rífið eða fjarlægð af lóð og nýtt byggt í staðinn, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald að því er stækkuninni nemur skv. 2. gr. Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt hús á lóðinni.

6. gr.

Greiðsla gatnagerðargjalds.

Gengið skal frá greiðslu gatnagerðargjalds eða samið um það áður en byggingarleyfi er gefið út. Skuldabréf sem gefið er út sem greiðsla eða hluti greiðslu vegna gatnagerðargjalda skal tryggt með 1. veðrétti í lóðinni og mannvirkjum sem koma á hana eða með öðru jafn góðu fasteignaveði að mati bæjarstjóra. Skuldari greiðir vexti, lántöku- og stimpilkostnað vegna skuldabréfsins. Veðskuldabréfinu skal þinglýst á viðkomandi eign áður en byggingarleyfi er gefið út.

7. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Ef lóðarhafi/byggingarleyfishafi segir sig frá úthlutaðri lóð/byggingarleyfi skal það gert skriflega og á hann þá rétt á endurgreiðslu gatnagerðargjalds verðbættu með vísitölu byggingarkostnaðar. Bæjarstjórn getur frestað endurgreiðslu gatnagerðargjalds þar til lóðinni hefur verið úthlutað að nýju, þó ekki lengur en sex mánuði.

Sama gildir um byggingarleyfi sem fellur úr gildi þar sem byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar innan tilskilins tíma.

8. gr.

Heimild til að fella niður gatnagerðargjald.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður gatnagerðargjald bygginga á vegum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og stofnana.

9. gr.

Heimild til afturköllunar byggingarleyfis ef gatnagerðargjald er ekki greitt.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er þá bæjarstjórn heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðaúthlutun, og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

10. gr.

Um eldri samninga og gatnagerðargjöld, álögd fyrir 1. janúar 1997.

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997 skulu halda gildi sínu og innheimtast samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

11. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Grundarfjarðar með vísan til laga nr. 17/1996 og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar, 16. janúar 2003.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar er byggð á lögum nr. 81/1991 ásamt síðari breytingum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,223 hundraðshlutar af fasteignamati.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera 12 krónur fyrir neysluvatn á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla fer eftir sverleika heimæðar. Ársleiga skal vera sem hér segir:

	kr.
4" mælar	34.372
3" mælar	20.625
2 ¹ / ₂ " mælar	19.082
2" mælar	15.450
1 ¹ / ₂ " mælar	6.667
1 ¹ / ₄ " mælar	3.980
1" mælar	3.546

Gjalddagar leigugjalds eru þeir sömu og við innheimtu aukavatnsskattsins sjálfs, nú sex sinnum á ári. Leigugjaldið er bundið byggingarvísitölu, sem er 278,0 stig í janúar 2003.

4. gr.

Heimæðagjald fer eftir sverleika heimæðar, miðað við allt að 20 metra langa heimæð, og skal vera sem hér segir:

	kr.
110 mm heimæð	153.055
90 mm heimæð	125.418
75 mm heimæð	116.820
63 mm heimæð	95.820
50 mm heimæð	89.080
40 mm heimæð	84.590
32 mm heimæð	80.265

Fyrir hvern lengdarmetra umfram 20 metra greiðist kr. 3.211.

5. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Staðfest af bæjarstjórn Grundarfjarðar, 16. janúar 2003.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu og eyðingu sorps í Grundarfirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps í Grundarfirði.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps með fasteignagjöldum ár hvert. Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphirðing fer fram kr. 8.400 á íbúð í sorphirðugjald og kr. 7.000 á íbúð í sorpeyðingargjald.
- b) Sumarbústaðir og önnur orlofshús sem njóta ekki sorphirðingar, kr. 3.500 í sorpgjald.

3. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 6.200 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 1.400 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir heil dekk greiðast kr. 6.200 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir skorin dekk kr. 3.100 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 5.000 fyrir tonnið.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 1.200 fyrir rúmmetra.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 6.100 fyrir tonnið.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 800 á rúmmetra.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 9.300 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 12.400 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 15.500 fyrir hvert tonn.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 2.400 fyrir rúmmetra.

Virðisaukaskattur er innifalinn í verði skv. þessari grein.

Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði gámostöðvar er heimilt að innheimta afgreiðslu- og vigtargjald að fjárhæð kr. 500 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

4. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku kæli- og frystiskápa.

5. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

6. gr.

Innheimta samkvæmt 3. gr. er gerð með sérstökum reikningi, eindagi er 15 dögum eftir útskrift reiknings.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um sorphirðu í Grundarfirði nr. 462/2002 og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar, 16. janúar 2003.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Grundarfirði.

1. gr.

Af hundum í Grundarfirði skal Grundarfjarðarbær innheimta leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. staflið b í 2. gr. samþykktar um hundahald í Grundarfirði, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Grundarfirði nr. 379/2002.

2. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt leyfisgjald kr. 9.000.

3. gr.

Greiðsla vegna hundahreinsunar, skráningar, merkingar og ábyrgðartryggingar er m.a. innifalin í leyfisgjaldi.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald kr. 6.000.

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

5. gr.

Gjalddagi árgjalds er 1. mars ár hvert og eindagi 30. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

6. gr.

Skilgreining á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

7. gr.

Ekki eru tekin leyfisgjöld af einstaklingum sem heilsu sinnar vegna þurfa að halda hund og skal slíkt staðfest með læknisvottorði.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Grundarfirði nr. 379/2002 og öðlast gildi þegar í stað.

Grundarfirði, 16. janúar 2003.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

um byggingarleyfisgjöld í Grundarfirði og gjöld tengd þeim.

1. gr.

Almennt.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld fyrir þau leyfi sem hún veitir. Jafnframt er heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

2. gr.

Gjöld.

Gjöld er greiddist til sveitarsjóðs, sbr. 1. gr., eru eftirfarandi:

	kr.
1. Fastagjald (umfjöllunargjald)	4.000
2. Byggingarleyfisgjald, íbúðarhús (hver íbúð)	20.000
3. Byggingarleyfisgjald, búpeningshús	15.000
4. Stöðuleyfi (hámark eitt ár í senn)	8.000
5. Úttektar- og eftirlitsgjald (hvert skipti)	3.500
6. Vottorð um byggingarstig	6.000
7. Mælingargjald (þéttbýli)	20.000
8. Mælingargjald (dreifbýli)	12.000
9. Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga (eldri hús)	15.000
10. Útkall byggingarfulltrúa (hvert skipti)	6.000

Skýringar við ofangreind gjöld:

- gjald fyrir umfjöllun í umhverfisnefnd Grundarfjarðar. Útgáfa skriflegs svars,
- gjald fyrir yfirferð byggingarfulltrúa á öllum teikningum, bygginganefndar- og sérteikningum og yfirfara skráningartöflu, afhenda meistara/byggingastjóra og fasteignamati samþykktar teikningar,
- gjald fyrir yfirferð byggingarfulltrúa á hönnunargögnum, s.s. bygginganefndar- og sérteikningum, yfirfara skráningartöflu, afhenda meistara/byggingastjóra og fasteignamati samþykktar teikningar,
- gjald fyrir stöðuleyfi skv. 71. gr. byggingarreglugerðar. Um er að ræða hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar,
- gjald fyrir úttektir og eftirlit í samræmi við 53. grein skipulags- og byggingarlaga og 48. gr. byggingarreglugerðar,
- gjald fyrir útgáfu vottorða og staðfestinga. T.d. fókheldisvottorð, lokaúttektarvottorð, staðfesting á fullnaðarfrágangi vegna endurbótalána, byggingarvottorð o.s.frv. Vottorðum fylgir í flestum tilfellum úttekt,
- útsetning á staðsetningu lóðar og fasteignar (vegna nýbyggingar). Tvær línur settar út í lóðamörkum og tvær línur í sökkullinum. Upplýsingar gefnar um hæðarmerki. Um er að ræða hámark tvær útmælingar,
- útsetning á staðsetningu fasteignar eða lóðar. Tvær línur settar út í sökkullinum eða á lóðamörkum. Um er að ræða eina útmælingu,
- gjald fyrir yfirferð skráningartöflu og eignaskiptayfirlýsingar eldri húsa. (Gjald þetta er innifalið í byggingarleyfisgjaldi vegna nýbygginga),
- gjald fyrir útkall byggingarfulltrúa.

3. gr.

Greiðslur gjalda.

Fastagjald og byggingarleyfisgjald skal vera greitt eða um það samið áður en byggingarleyfi er gefið út. Gjöldum skv. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi sbr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

4. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Grundarfjarðar með stoð í lögum nr. 73/1997 og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar, 16. janúar 2003.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Dalvíkurbyggðar, nr. 323/2002.**

1. gr.

Í stað orðsins „janúarmánaðar“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: desembermánaðar.

2. gr.

Í stað orðanna „eins mánaðar“ í 10. gr. samþykktarinnar kemur: tveggja mánaða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. samþykktarinnar:

a. III. staflíður A-hluta greinarinnar verður svohljóðandi:

III. **Félagsmálasvið.**

1. *Félagsmálaráð* fer með verkefni sveitarfélagsins á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, þjónustuhóp aldraðra og málefni fatlaðra samkvæmt lögum og reglugerðum og samningum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Barnaverndarnefnd* fer með málefni er varða barnavernd og ættleiðingar samkvæmt lögum og reglugerðum þar um.

b. IV. staflíður A-hluta greinarinnar verður svohljóðandi:

IV. **Umhverfis- og tæknisvið.**

1. *Umhverfisráð* fer með byggingarmál, skipulagsmál, brunavarnir og brunamál, almannavarnir, umferðarmál, umhverfismál, gróður- og náttúruverndarmál og veitumál samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Landbúnaðarráð* fer með stjórn og eftirlit með gæludýra- og búfjárhaldi, framkvæmd fjallskila, afréttarmál, hagagöngu, forðagæslu, eyðingu refa, minka og vargfugls og sjúkdómavarnir ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi. Ráðið gerir tillögu til bæjarstjórnar um ráðningu búfjárefirtirlitsmanna skv. 3. gr. reglugerðar um búfjárefirtirlit o.fl. nr. 743/2002.

3. *Búfjárefntirlitsnefnd*. Bæjarstjórn kýs að afloknum kosningum aðal- og varamann í búfjárefntirlitsnefnd 17. starfssvæðis búfjárefntirlits til fjögurra ára samkvæmt tillögu landbúnaðarráðs, sbr. reglugerð um búfjárefntirlit o.fl. nr. 743/2002.
- c. 2. tölul. B-hluta greinarinnar fellur brott og breytist röð töluliða samkvæmt því.
- d. 3. tölul. B-hluta (verður 2. tölul.) verður svohljóðandi:
Menningarsjóður Svarfdæla. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í Menningarsjóð Svarfdæla samkvæmt samþykktum sjóðsins eins og þær eru hverju sinni.
- e. 2. tölul. D-hluta greinarinnar fellur brott.

4. gr.

Við 1. másl. 1. mgr. 65. gr. bætist: sbr. I. lið 62. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. nóvember 2003.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Guðmundur Ómar Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1996.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. gr. falli brott.

2. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Á fyrstu árum skólagöngu skulu skólar kanna hvaða nemendur eiga í erfiðleikum með lestrarnám eða lestur, bregðast við því með kerfisbundnum hætti og sjá til þess að öll börn fái nauðsynlega aðstoð til að ná viðunandi lestrarfærni. Fylgst skal reglulega með framförum í lestri og brugðist við vanda sem upp kemur jafnóðum allt til loka grunnskólans. Sérfræðiþjónustan skal aðstoða skóla við greiningu lestrarerfiðleika og veita kennurum ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við. Hún skal sjá skólum fyrir viðeigandi skimunar- og greiningarprófum.

3. gr.

Í stað síðasta málsliðar 4. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi:

Að athugun lokinni gera starfsmenn sérfræðiþjónustu tillögur um viðeigandi meðferð eða úrbætur.

4. gr.

Á undan fyrsta málslið 7. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi:

Sveitarstjórn skipuleggur sérfræðiþjónustu skóla og ræður starfsmenn til að sinna henni.

5. gr.

9. gr. orðist svo:

Sveitarfélögum er skylt að gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir starfsemi sérfræðiþjónustu skóla í sveitarfélaginu þegar eftir því er leitað. Menntamálaráðuneytið skal á tveggja ára fresti kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um lestrarfærni nemenda í einstökum skólum og hvernig brugðist er við vanda þeirra nemenda sem ekki hafa náð viðunandi lestrarfærni.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 25. nóvember 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

1. desember 2003

Nr. 906

REGLUR

um bindiskyldu.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglur þessar gilda um útreikning og greiðslu bindiskyldu fjármálafyrirtækja (lánastofnana) sem hafa starfsleyfi skv. 1., 2. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, á grundvelli sundurliðunarblaðs vegna útreiknings bindiskyldu til tölfraðisviðs Seðlabankans, sbr. 7. gr.

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við í 4. og 5. gr. reglnanna:

Innlán: Fjárhæðir sem bindiskyldur aðili skuldar viðskiptavinum aðrar en þær sem tilkomnar eru vegna útgáfu framseljanlegra skuldaskjala.

Innlán með umsömdum binditíma: Óframseljanleg innlán sem ekki er hægt að breyta í laust fé fyrir ákveðinn tíma eða er einungis hægt að breyta í laust fé fyrir þann tíma gegn greiðslu kostnaðar.

Innlán sem eru uppsegjanleg eftir tilkynningu: Óframseljanleg innlán sem ekki hafa umsaminn lánstíma og ekki er hægt að breyta í laust fé nema með tilkynningu sem þarf að berast með tilteknum fyrirvara eða er einungis hægt að breyta í laust fé fyrir þann tíma gegn greiðslu kostnaðar.

Endurhverf viðskipti: Mótvirði reiðufjár sem fengið er gegn skiptum á verðbréfum sem bindiskyldur aðili selur á ákveðnu verði með skuldbindingu um endurkaup á sama (eða svipuðu verðbréfi) á föstu verði á ákveðnum degi í framtíðinni.

Útgefin skuldabréf: Verðbréf önnur en hlutfé eða peningamarkaðsbréf sem gefin eru út af bindiskyldum aðila, og eru framseljanleg og verslað er með á eftirmarkaði eða hægt er að nota til mótvægis á markaði og sem veita eiganda ekki eignarrétt í útgáfustofnun. Meðtalin eru verðbréf (að undanskildum peningamarkaðsbréfum) sem gefa réttthafa óskilyrtan rétt til fastra eða sammingsákveðinna tekna í formi afborgna og/eða fastrar fjárhæðar á tilteknum degi (eða dögum) eða hefst á tilteknum degi sem ákveðinn er við útgáfu. Meðtalin eru einnig framseljanleg lán sem eru gefin út í miklum fjölda sams konar skjala og sem er verslað með á skipulögðum markaði (eftirmarkaði).

Peningamarkaðsbréf: Markaðsverðbréf sem útgefin eru af fjármálafyrirtækjum og hafa mikið lausafjargildi vegna þess að verslað er með þau á peningamörkuðum (þ.e. mörkuðum þar sem velta er mikil og fjárhæðir eru háar og hægt er að breyta bréfum án mikils fyrirvara og með litlum tilkostnaði í reiðufé og bréf á slíkum markaði eru ólíkleg til að gjaldfalla og bera óverulega vaxtaáhættu) þar sem þátttakendur eru aðallega fjármálastofnanir. Kauphöll Íslands telst peningamarkaður í skilningi þessara reglna.

2. gr.

Bindiskyldir aðilar.

Bindiskylda nær til viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja sem heimilt er skv. lögum að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og fjármálafyrirtækja sem starfa á grundvelli 3. tl. 4. gr. laga nr. 161/2002 og eru ekki bundin af ákvæðum sér-laga eða fjárlaga hverju sinni um öflun fjár til starfsemi sinnar.

3. gr.

Bindifjárhæð.

Eftir útreikning bindiskyldu hverju sinni skal bindifjárhæðin, ásamt áföllnum ófærðum vöxtum hennar, vera margfeldi bindigrunns og bindihlutfalls eins og skilgreint er í 4. og 5. gr. reglna þessara.

Vanræki bindiskyld stofnun að skila sundurliðunarblaði vegna útreiknings bindiskyldu til Seðlabankans innan þeirra tímamarka, sem greind eru í 7. gr. reglna þessara, er bankanum heimilt að úrskurða bindiskylda fjárhæð á grundvelli meðaltals tveggja síðustu sundurliðun- arblaða vegna útreiknings bindiskyldu sem borist hafa frá viðkomandi stofnun auk 10% álags fyrir hvern mánuð og hlutfallslega fyrir brot úr mánuði.

4. gr.

Bindigrunnur.

Eftirfarandi skuldaliðir mynda bindigrunn bindiskyldrar stofnunar:

- a. Innlán.
- b. Útgefin skuldabréf.
- c. Peningamarkaðsbréf.

Skuldir við Seðlabanka Íslands teljast ekki í bindigrunni.

5. gr.

Bindihlutföll.

Bindihlutfall 0% á við um eftirfarandi liði í bindigrunni:

- a. Innlán með umsömdum binditíma lengri en tvö ár.
- b. Innlán sem eru uppsegjanleg með lengri en tveggja ára uppsagnarfresti.
- c. Endurhverf viðskipti.
- d. Skuldabréf með umsömdum lánstíma lengri en tvö ár.

Bindihlutfall 2% á við um alla aðra liði í bindigrunni.

6. gr.

Uppgjör bindingar.

Útreikningur bindifjárhæðar fer fram fyrir 21. hvers mánaðar og miðast við upplýsingar um meðalstöðu bindigrunns sbr. 4., 5. og 7. gr. við lok síðustu tveggja mánaða. Binditíma- bil er frá og með 21. hvers mánaðar til og með 20. næsta mánaðar og skal bindiskyldum stofnunum tilkynnt fyrir upphaf þess um bindifjárhæð.

Bindiskyldar stofnanir skulu sjá til þess að innstæða þeirra á viðskiptareikningi í Seðlabankanum sé að meðaltali á hverju binditímabili eigi lægri en tilkynnt bindifjárhæð. Sé innstæða á viðskiptareikningi að meðaltali á binditímabili lægri en tilskilin bindifjárhæð reiknar bankinn dagsektir skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta á þá fjárhæð sem á vantar að meðalinnstæða viðskiptareiknings nái tilskilinni bindifjárhæð og skulu viðurlögin skuldfærð á viðskiptareikning viðkomandi stofnunar að liðnum að minnsta kosti sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna. Um ákvörðun dagsekta, kæruehimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta.

Bankastjórn ákveður sérstaklega vexti bindifjár en meðalinnstæða á viðskiptareikningi umfram bindifjárhæð ber vexti sem bankastjórn ákveður fyrir viðskiptareikninga bindiskyldra lánastofnana í Seðlabankanum.

7. gr.

Skýrsluskil.

Sundurliðunarblað vegna útreiknings bindiskyldu frá bindiskyldum stofnunum þar sem fram koma upplýsingar um bindigrunn í samræmi við skilgreiningar í 4. og 5. grein reglna þessara skal hafa borist Seðlabankanum eigi síðar en 11. dag hvers mánaðar eða næsta dag þar á undan ef skiladag ber upp á almennan frídag bankamanna.

8. gr.

Milliganga um bindiskyldu.

Heimilt er einni bindiskyldri stofnun að fela annarri bindiskyldri stofnun að annast bindiskyldu fyrir sína hönd. Eigi að síður skulu allar bindiskyldar stofnanir láta Seðlabankanum í té upplýsingar skv. 7. gr. Bankinn mun tilkynna þeim stofnunum sem annast bindiskyldu fyrir aðrar stofnanir bindifjárhæðir þeirra. Heildarbindifjárhæð þeirrar stofnunar, sem fer með bindiskyldu fyrir aðrar bindiskyldar stofnanir, skal vera jöfn samtölu bindifjárhæðar hennar og hverrar þeirrar stofnunar sem hún fer með bindiskyldu fyrir.

Bindiskyldar stofnanir sem fela öðrum bindiskyldum stofnunum að annast uppfyllingu bindiskyldu skulu tilkynna Seðlabankanum þar um með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og uppsögn slíks samkomulags skal tilkynnt bankanum með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara. Aðilar að slíku fyrirkomulagi skulu gera með sér sérstakan samning þar sem meðal annars komi fram að vanefndir einstakra aðila á uppfyllingu bindiskyldu beri sömu viðurlög og tilgreind eru í 6. gr. þessara reglna. Samningar þessir skulu háðir staðfestingu bankans.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga nú einungis við milligöngu Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna sparisjóða sem fela bankanum að annast bindiskyldu fyrir sína hönd.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, taka gildi 21. desember 2003. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um bindiskyldu nr. 388 frá 29. maí 2002 með síðari breytingum. Reglurnar gilda fyrst við útreikning bindiskyldu í desember 2003.

Reykjavík, 1. desember 2003.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Súluhöfða nr. 27, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 27 við Súluhöfða, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 12. nóvember 2003.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður til suðurs og þar má byggja jarðhýsi allt upp að hæð gólfplötu efri hæðar núverandi húss.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu þessa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 1. desember 2003.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

STARFSREGLUR

félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar vegna staðfestingar á rétti til viðbótarlána.

I. KAFLI Starfsreglur.

1. gr.

Félagsmálanefnd Þingeyjarsveitar setur sér eftirfarandi starfsreglur fyrir veitingu viðbótarlána samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Viðbótarlán eru ætluð einstaklingum er búa við erfiðar aðstæður og þurfa aðstoð til kaupa á eigin íbúðarhúsnæði og kemur til viðbótar almennu húsnæðisláni með veði í hlutaðeigandi eign. Upphæð viðbótarláns getur numið allt að 25% af hámarksverði húsnæðis sbr. 4. gr. í reglum þessum. Heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði, almennt lán og viðbótarlán, getur þó aldrei orðið herra en 90% af matsverði (kaupverði) húsnæðis.

Lánsloforð viðbótarláns gefið út á grundvelli greiðslumats viðkomandi kaupanda gildir í þrjá mánuði frá staðfestingu félagsmálanefndar.

II. KAFLI Markmið.

2. gr.

Markmið félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar er að lágmarka áhættu sveitarfélagsins og þar með íbúðarkaupenda með sem bestum undirbúningi áður en kaupin eiga sér stað. Einnig er ætlunin að reyna að koma í veg fyrir að kaupendur verði fyrir tjóni og greiðsluerfiðleikum eftir því sem við verður komið. Reglurnar eru m.a. settar til að ákvarða forgangsröðun ef eftirspurn eftir viðbótarlánnum verður meiri en það fjármagn sem ætlað er til lánveitinga ár hvert.

III. KAFLI Almenn skilyrði.

3. gr.

Almenn skilyrði fyrir veitingu viðbótarlána eru:

- að umsækjandi eigi lögheimili í Þingeyjarsveit,

- að umsækjandi uppfylli ákvæði 5. og 6. gr. reglugerðar um viðbótarlán nr. 783/1998 varðandi tekju- og eignamörk sem félagsmálaráðuneytið setur á hverjum tíma um úthlutun viðbótarlána,
- að umsækjandi standist greiðslumat fyrir viðbótarláni,
- að umsækjandi kaupi fasteign í Þingeyjarsveit.

Félagsmálanefnd er heimilt að víkja frá reglum um tekju- og eignamörk sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um viðbótarlán nr. 783/1998. Umsækjanda ber að sækja skriflega um undanþágu til Þingeyjarsveitar og skal koma fram rökstuðningur fyrir beiðninni í bréfinu.

Viðbótarlán er ekki tekið til afgreiðslu nema fyrir liggja greiðslumat ásamt öllum fylgigögnum sem talin eru upp á umsóknarblaði.

Athygli er vakin á því að umsækjandi getur þurft að skila frekari gögnum telji félagsmálanefnd að þær upplýsingar sem umsókninni fylgja séu ófullnægjandi.

4. gr.

Eftirfarandi hámarksverð húsnæðis gildir fyrir veitingu viðbótarlána.

Stærð fjölskyldu	Hámarksverð kr.
Einstaklingur	8.098.588
Tveir	9.150.353
Þrír	10.412.473
Fjórir	11.464.235
Fimm eða fleiri	12.516.000

Ofangreindar hámarksupphæðir skulu taka mið af hækkun á vísitölu íbúðarverðs sem er 170 stig í desember 2002 og endurskoðun skal fara fram á 6 mánaða fresti, 1. júní og 1. desember ár hvert.

Veita má undanþágu frá þessu ákvæði um hámarksverð þegar um er að ræða aukinn kostnað, s.s. vegna fötlunar, veikinda eða sameiginlegs forræðis barns/barna. Skal frávikid þó rúmast innan greiðslugetu samkvæmt greiðslumati. Sækja ber skriflega um slíka undanþágu til félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir beiðninni.

IV. KAFLI

Umsókn.

5. gr.

Umsóknareyðblöð fást á skrifstofu Þingeyjarsveitar og á www.thingeyjarsveit.is.

Með umsókn um viðbótarlán skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Greiðslumat fjármálastofnunar ásamt fylgigögnum með umsókn um greiðslumat og húsbrefaviðskipti.
- Lýsing á húsnæðinu sem umsækjandi ætlar að kaupa.
- Staðfest skattframtöl síðustu þriggja ára.
- Staðfesting á atvinnuleysi og/eða veikindum ef um það er að ræða.

Félagsmálanefnd getur kallað eftir frekari upplýsingum ef þörf krefur.

6. gr.

Varðandi meðferð umsóknar skal vakin athygli á því að samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og reglugerð um viðbótarlán nr. 783/1998, er staðfesting félagsmálanefndar á rétti til viðbótarláns um leið beiðni til Íbúðalánasjóðs um veitingu á slíku láni.

Veiting viðbótarláns er þó háð samþykki Íbúðalánasjóðs samkvæmt 12. gr. reglugerðar um viðbótarlán nr. 783/1998.

V. KAFLI

Forgangsröðun umsókna.

7. gr.

Við meðferð umsókna um viðbótarlán verða m.a. eftirfarandi atriði skoðuð:

- Aldur umsóknar.
- Fjölskyldustærð.
- Heilsufar og vinnugeta umsækjanda/enda, hagir eða sérstakar ástæður aðrar sem valdið hafa bágrri fjárhagslegri stöðu.
- Núverandi húsnæðisaðstæður gerð og ástand þess.
- Núverandi tekjur. Félagsmálanefnd getur hafnað umsókn um viðbótarlán, þó að tekjur síðustu þriggja ára séu undir tekjumörkum, ef launaseðlar/skattframtal sýna að núverandi tekjur umsækjanda eru yfir tekjumörkum sem gilda um viðbótarlán.
- Skuldastaða umsækjanda/enda.

VI. KAFLI

Tilkynning um afgreiðslu og málskot.

8. gr.

Málsmeðferð varðandi afgreiðslu umsóknar fer eftir ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Ákvörðun um viðbótarlán skal tekin eins fljótt og unnt er og niðurstaða tilkynnt umsækjanda skriflega. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til umsækjanda, þó með fyrirvara um samþykki Íbúðalánasjóðs, sbr. 2. mgr. 6. gr. í reglum þessum.

Málsmeðferð varðandi afgreiðslu umsóknar fer eftir ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

VII. KAFLI

Meðferð ágreiningsmála.

9. gr.

Telji umsækjandi um viðbótarlán á rétt sinn hallað af hálfu félagsmálanefndar Þingeyjar-sveitar, getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kæruneftndar húsnæðis-mála.

Kæruneftnd húsnæðismála starfar samkvæmt IX. kafla laga um húsnæðismál nr. 44/1998 og reglugerð um kæruneftnd húsnæðismála nr. 459/1999.

VIII. KAFLI

Heimild.

10. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 14. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um viðbótarlán nr. 783/1998.

IX. KAFLI

Staðfesting.

11. gr.

Reglur þessar eru staðfestar af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 6. febrúar 2003 og öðlast þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 6. febrúar 2003.

Jóhann G. Reynisson sveitarstjóri.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
902	16. jan.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Grundarfirði	2707
903	16. jan.	Gjaldskrá um byggingarleyfisgjöld í Grundarfirði og gjöld tengd þeim	2708-2709
904	26. nóv.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalvíkurbyggðar, nr. 323/2002	2709-2710
905	25. nóv.	Reglugerð um breyting á reglugerð um sérfræðipjónustu skóla nr. 386/1996	2710-2711
906	1. des.	Reglur um bindiskyldu	2711-2713
907	1. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Súluhöfða nr. 27, Mosfellsbæ	2714
908	6. feb.	Starfsreglur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar vegna staðfestingar á rétti til viðbótarlána	2714-2716

